

Mál nr. 383/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar Þ

Skaðabótaábyrgð vegna háttsemi tengdri meðferð flugmóðela vegna slyss 24. júní 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 3. nóvember 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 16. nóvember 2009.

Málsatvik.

M var að fljúga flugmóðelum með syni sínum á athafnasvæði Þ í júní 2009 þegar hann slasaðist vegna flugmóðels sem lenti á honum. Nánar tiltekið varð hann fyrir flugmóðeli sonar síns. Að sögn M voru atvik þannig fyrir slysið að sonur M var að gera flugmódel sitt reiðubúið fyrir flugtak þegar hann varð var við sambandsleysi í vél þess. Sonur M ákvað því að skipta um rafhlöður áður en hann stýrði flugmódelinu til flugs. Ekki fór betur en svo að rétt eftir að flugmóðelið var komið á loft fór það hring í loftinu og hrpaði á M áður en það féll til jarðar. Hlaut M nokkuð líkamstjón við það að flugmóðelið lenti á honum. Frjáls ábyrgðartrygging Þ tekur til háttsemi meðlima félagsins er sonur M meðlimur þess.

M telur að sonur M hafi með saknæmri háttsemi valdið líkamstjóni M. Byggir lögmaður hans á að sú saknæma háttsemi felist í því að fljúga móðelinu þrátt fyrir að vísbendingar væru um bilun í því fyrir flugtak. Byggt er á því að flug flugmóðela sé hættuleg iðja og um hafi verið að ræða flugmódel með sérstaklega öfluga vél. Syni M hefði borið að hætta alfarið við flugtak þegar hann varð var við sambandsleysi og kanna til hlítar ástæður þess. Auk þess er byggt á því að þær rafhlöður sem sonur M notaði séu að sögn kunnáttumanna óheppilegar þar sem þær virkuðu ekki sem skyldi.

V telur ósannað að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða að hálfu sonar M. Hann hafi sýnt eðlilega aðgæslu við flug flugmóðelsins og slysið, sem bar brátt að, sé rakið til óhappatilviljunar. Ekki sé heldur sannað að þær rafhlöður sem notaðar voru í flugmóðelið í greint sinn hafi verið óheppilegar auk þess sem M gerði ekki athugasemdir við notkun þeirra.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að málsatvik eru óumdeild og ágreiningur málsins lýtur eingöngu að því hvort sonur M hafi sýnt saknæma háttsemi við stjórn flugmóðels síns. Engin gögn hafa verið lögð fram um að notkun á rafhlöðum hafi orsakað slysið eða að betra sé að notast við aðra tegund en þá sem notuð var. Engin gögn eða vitnisburðir hafa heldur verið lagðir fram um að sonur M hafi sýnt saknæma háttsemi við stjórn flugmóðelsins. Slysið þykir rakið til óhappatilviljunar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Reykjavík 1. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.